



## 6. fundur Öldungaráðs Uppsveita og Flóa kjörtímabilið 2022-2026 haldin á Borg í Grímsnesi 8. apríl 2026 kl. 14:30

### Mættir eru:

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, fulltrúi Grímsnes-og Grafningshreppi, formaður  
Þröstur Jónsson fulltrúi Hrunamannahreppi, varaformaður  
Stefanía Hákonardóttir, fulltrúi Bláskógabyggðar  
Ásta Oddleifsdóttir, fulltrúi Heilsugæslu Uppsveita  
Sigvaldi Kaldalóns, varamaður Skeiða-og Gnúpverjahreppi  
Bergljót Þorsteinsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Skeiða-og Gnúpverjahreppi  
Guðrún Alfreðsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Hrunamannahreppi  
Elinborg Sigurðardóttir, fulltrúi félagi eldri borgara í Bláskógabyggð  
Markús Ívarsson, fulltrúi eldri borgara í Flóahreppi  
Anný Ingimarsdóttir, fulltrúi Skóla-og velferðarþjónustu Árneshvíls, starfsmaður ráðsins

Halla Kjartansdóttir, fulltrúi Flóahrepps boðaði forföll og varamaður komst ekki.

Formaður, Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, setti fundinn og óskaði eftir að Anný Ingimarsdóttir, ritaði fundargerð og var það samþykkt. Markús Ívarsson var boðinn velkominn til fundarins. Hann situr fundinn í fyrsta sinn sem fulltrúi eldri borgara í Flóahreppi.

### 1. Dagdvöl fyrir aldraða – hver er staðan

AI kynnti tölvupóst sem barst Bláskógabyggð þann 30. mars sl. en þar kemur fram að Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hafi falið Sjúkratryggingum Íslands að hefja samningaviðræður við Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp um sameiginlegan rekstur átta almennra dagdvalarrýma í uppsveitum Árneshvíls.

### Bókun:

*Öldungaráð fagnar framangreindri ákvörðun. Ráðið leggur áherslu á að málinu verði hraðað eins og kostur er og að staðsetning verði miðsvæðis. Jafnframt ítrekar ráðið bókun sína frá 22. október 2025 um staðsetningu dagdvalar.*

### 2. Fréttir úr sveitarfélögunum

Rætt um starfsemi félaga eldri borgara í uppsveitum Árneshvíls.

Fram kom að sameiginleg árshátíð allra félaganna í Uppsveitum hafi verið haldin á Flúðum 27. mars sl. og hún hafi tekist mjög vel. Félögin á svæðinu hafa á undanförunum árum skipst á að halda þessa árlegu skemmtun.

ES fulltrúi eldri borgara í Bláskógabyggð greindi frá auknu samstarfi milli félaga eldri borgara í Laugardal og Biskupstungum, en þessi tvö félög eru bæði í Bláskógabyggð

**BP** fulltrúi eldri borgara í Skeiða-og Gnúpverjahreppi upplýsti að félagið hafi farið á general prufu Vínartónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Jafnframt kom fram að hægt er að óska eftir að fá aðgöngumiða á slíkar æfingar án endurgjalds.

### 3. Önnur mál

- a. **BJ** kynnti áform einkaaðila sem stefnir á byggingu 14–16 íbúða fyrir eldri borgara á Flúðum. Jafnframt eru uppi hugmyndir um byggingu hjúkrunarheimilis sem yrði leigt ríkinu. Teikningar voru lagðar fram. Undirbúningur er hafinn og stefnt er að framkvæmdum á vormánuðum.
- b. **ES** sagði frá því að Landssamband eldri borgara (LEB) hefði hlotið styrk frá Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu til verkefnisins „Stafræn vegferð eldra fólks“. Ráðgert er að aðilar á vegum Netvís fari um landið og haldi námskeið fyrir eldri borgara.
- c. Öldungaráð leggur til við sveitarfélögin að við skipan fulltrúa í ráðið verði þess gætt að formaður félags eldri borgara sitji ekki sem varafulltrúi sveitarfélagsins, þar sem það útiloki þá setu hans í ráðinu.
- d. Rætt var um gjaldskrá sundlauga fyrir eldri borgara. Lagt er til að sveitarfélögin leitist við að samræma gjaldskrá á starfssvæði ráðsins, þannig að jafnræðis sé gætt t.d. að eldri borgara fái sérstök kort afhent til að komast í sund.
- e. Næsti fundur var ekki ákveðinn. Sveitarstjórnarkosningar fara fram í maí nk. og verður ráðið skipað að nýju að þeim loknum. Öldungaráð ítrekar jafnframt bókun sína undir lið c.

*Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 16:00*

*Sigríður Kolbrún Oddsdóttir  
Pröstur Jónsson  
Sigvaldi Kaldalóns  
Stefanía Hákonardóttir  
Ásta Oddleifsdóttir*

*Elinborg Sigurðardóttir  
Guðrún Alfreðsdóttir  
Bergljót Þorsteinsdóttir  
Markús Ívarsson  
Anný Ingimarsdóttir*